

## Stjórnarfundur í félagi lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 15. apríl 2022 kl. 14:00 haldinn í Kiðjabergi.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Kristín Eysteinsdóttir, Bjarni Sigurðsson og Bergur Sandholt.

1. Verkaskipting stjórnarmanna rædd og ákveðið að Kristín verði áfram gjaldkeri og Bjarni verði ritari.
2. Farið yfir stöðuna varðandi öryggismál, einkum myndavél hjá gamla gámasvæðinu og hvort mögulegt sé að setja upp myndavélar í einhverju samstarfi við golfklúbbinn. Stefnt er að því að komast að niðurstöðu í málinu innan nokkurra vikna.
3. Rætt um fyrirhugað leiksvæði í grennd við vélaskemmuna og svæðið skoðað. Stjórnarmenn munu nota næstu vikur til að afla upplýsinga, m.a. ræða við forsvarsmenn annarra frístundasvæða sem eru með leiksvæði. Fyrstu hugmyndir um útfærslu verða svo kynntar eftir nokkrar vikur.
4. Ætlunin er að leggja einhverja göngustíga á svæðinu á næstu árum. Stjórnin mun vinna tillögur um bæði framtíðarsýn í þeim málum og næstu skref og kynna fyrir félagsmönnum þegar þær taka á sig mynd.
5. Stjórnin mun ganga í að afla gagna um vatnsveituna, þ.e. koma því á kort hvernig lagningu hennar hefur verið háttað á mismunandi stöðum innan svæðisins á sínum tíma.
6. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Bjarni Sigurðsson ritari